

Bjartur Thorlacius

listin að geyma, ávaxta og endurgreiða lífeyri

15. maí 2025



Bjartur Thorlacius,
stjórnarmaður í Lífeyrissjóði bænda

Bændur, starfsmenn félaga sem þjóna bændum, hótélstarfsmenn og fleiri geta og kjósa að greiða í Lífeyrissjóð bænda. Lífeyrissjóðurinn er opinn þeim sem vilja greiða í sjóðinn. Hvort sem það er til að slá fasteigna- eða rekstrarlán, í dreifbýli eða þéttbýli, hjá lífeyrissjóðnum. Eða, sem mun oftast, til að tryggja sig fyrir örorku og byggja upp rétt til eftirlauna.

1 Lífeyrir öryrkja

Slys gerast. Veikindi ber upp að garði. Ef sá slasaði eða veiki þarf að minnka eða hverfa frá vinnu í hálf ár eða lengur, þá er talað um örorku. Ólíkt sumum öðrum sjóðum, þá má Lífeyrissjóður bænda greiða örorkulífeyri til sjóðfélaga sem er í endurhæfingu. Sjóðurinn getur þannig stutt slasaða eða veika til fyrri eða nýrra starfa. Í öðrum tilfellum kemur örorkulífeyrir í stað annarra tekna til langframa. Tekjur á meðan á tímabundinni örorku stendur skipta þá sem halda dýr sérlega miklu máli. Því dýrin geta ekki beðið eftir því að bóndi snúi sjálfur aftur til bústarfa.

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda tekur ákvörðun um hvaða sjóðfélagar fá greiddan örorkulífeyri. Því skiptir öllu máli að stjórnarmaður í Lífeyrissjóði bænda hafi fagþekkingu á læknisfræði. Bjartur Thorlacius stundar nám í læknisfræði við Háskóla Íslands.

2 Eftirlaun

Með hverri mánaðarlegri greiðslu í Lífeyrissjóð bænda hækkar ellilífeyririnn sem fæst útborgaður frá 67 ára aldri. Langur tími getur liðið frá því að fyrsta iðgjaldið er greitt í Lífeyrissjóð bænda og þar til taka ellilífeyris hefst. Lífeyrissjóður bænda þarf að spá, langt fram í tímann, um hve margir verði öryrkjar og hve lengi, hvenær menn hefji raunverulega töku lífeyris og hve lengi menn verði þá loksins á eftirlaunum.

Því skiptir höfuðmáli að stjórnarmaður í Lífeyrissjóði bænda skilji lífslíkur og örorkutíðni. En sömuleiðis að stjórnarmaður geti reiknað áhættuna á að þær breytist með tímanum, og þá hve hratt og hve mikið. Auk læknisfræðinnar, þá er Bjartur Thorlacius meistari í reikniverkfræði.

3 Að gera rétt

Mikil ábyrgð fylgir því að stýra lífeyrissjóði. Engri annarri starfsemi er lýst í jafn mörgum lagabókstaf. Stjórnarmaður í Lífeyrissjóði bænda þarf að hafa góða samvisku, góða sómakennnd til að fylgja samviskunni og haldgóða þekkingu á fjármálalögum. Bjartur Thorlacius lauk einmitt námskeiðum við lagadeild Háskóla Íslands um samningarétt, kröfurétt og fjármálamarkaði, auk prófa í verðbréfavíðskiptum þar sem bæði var gerð krafa um siðgæði og lagaþekkingu.

4 Ávöxtun

Markmið lífeyrissjóða er auðvitað að greiða sjóðfélögum sínum lífeyri þegar þeir þurfa á honum. En til þess þarf að varðveita og ávaxta iðgjöldin sem sjóðfélagar greiða inn. Bjartur Thorlacius er vissulega með verðbréfaréttindi, eftir snarpt nám við bæði Copenhagen Business School og lagadeild Háskóla Íslands. Ávöxtun er hins vegar að leita í mörgum atvinnuvegum. Því byggir árangur Lífeyrissjóður bænda á því að stjórnarmaður hafi reynslu og þekkingu á nýsköpun í þeim atvinnuvegum hvar breytingar og tækifæri til framfara eru hvað mest. Kvótagreifar hafa fjárfest í hinum ýmsu atvinnuvegum. Hví ætti Lífeyrissjóður bænda ekki að gera slíkt hið sama?

Bjartur Thorlacius er tölvunafræðingur með reynslu af starfi og fjárfestingu í vaxtarfyrirtækjum í flókinni framleiðslu útflutningsþjónustu og -vöru á heimsmælikvarða. Slík reynsla er stjórnarmanni dýrmæt við að þekkja góðar hugmyndir og skilja hvað þarf til að hrinda þeim í framkvæmd þannig að þær gangi upp.

5 Öryggi

Ekki dugar að ávaxta eignir Lífeyrissjóðs bænda. Þær þurfa líka að vera á sínum stað þegar til lífeyrisgreiðslu kemur. Þegar geyma á fjármuni í ár og áratugi, þá er eins gott að þeir séu geymdir á öruggum stað. Að hafa öryggið í lagi er bæði lagaleg skylda og brýn nauðsyn.

Bjartur Thorlacius er margverðlaunaður sérfræðingur í upplýsingaöryggi. Lífeyrissjóður bænda hefur stigið stórt skref fram á við í upplýsingaöryggi á seinustu árum.

6 Stjórnarseta í Lífeyrissjóði bænda

Bjartur Thorlacius hefur setið í stjórn Lífeyrissjóðs bænda, bæði sem varamaður og sem aðalmaður, og býður sig fram til að þjóna sjóðfélögum áfram.